



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 139/83  
komudagur 1.11.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, iðnaðarnefnd  
Kristín Einarsdóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2010 02-2010100795  
T-ums 63/10

**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2010-2013 - mál 42.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 27. október 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar - mál 42.

Þessi tillaga til þingsályktunar var einnig lögð fram á 138. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu þann 12. maí 2010 sendi ríkisskattstjóri iðnaðarnefnd svohljóðandi umsögn:

*„Í tillögunni kemur fram að eitt af lykilsviðunum til að ná því markmiði að bæta skilyrði til búsetu, nýsköpunar og sjálfbærrar þróunar í öllum landshlutum sé stuðningur við nýsköpun. Fram kemur að hani eigi að vera þrenns konar; í gegnum menntakerfið og stóðkerfi atvinnulífsins, í gegnum skattalegar ívilnanir vegna fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum og endurgreiðslu kostnaðar vegna rannsókna og þróunar og í gegnum skilgreind verkefni klasa eða áherslur opinberra aðila. Í athugasemdum með tillögunni kemur svo fram að ívilnanir vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum og vegna rannsókna og þróunar hafi það markmið að auðvelda nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum að fjármagna sig sjálf og stunda rannsóknir og þróun. Ábyrgð á framkvæmdinni er hjá fjármálaráðuneytinu og Rannís og aðrir þátttakendur verði iðnaðarráðuneyti, ríkisskattstjóri og atvinnuþróunarfélög.*

*Af þessu tilefni bendir ríkisskattstjóri á að með lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, og lögum nr. 137/2009, um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, var kveðið á um ívilnanir handa nýsköpunarfyrirtækjum og þeim sem kjósa að fjárfesta í þeim. Lögin tóku gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 152/2009 skulu þau koma til endurskoðunar innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.*

*Ríkisskattstjóri lýsir sig reiðubúinn til að taka þátt í samstarfi við endurskoðun laganna eftir því sem þörf er á. Jafnframt er rétt að benda á að samstarf milli embættisins og Rannís er fyrirhugað svo að framkvæmd laganna geti orðið með sem bestum hætti.“*

Ríkisskattstjóri áréttar framangreinda umsögn sína af þessu tilefni.

Virðingarfyllt